

## Góður hagnaður Norðlenska á árinu 2005


Rekstrarhagnaður Norðlenska matborðsins ehf. fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) á árinu 2005 nam röskum 228 milljónum króna, sem er tæplega 87 milljóna króna afkomubati frá árinu 2004. Þetta kom fram á aðalfundi Norðlenska á Akureyri þann 4. maí síðastliðinn.

Rekstrarhagnaður ársins 2005 nam 14,5 milljónum króna að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsgjalda, en tap var upp á 52 milljónir króna árið 2004.

Heildarvelta Norðlenska á síðasta ári var um 2.600 milljónir króna, samanborið við 2.400 milljónir króna árið 2004. Veltufé frá rekstri nam 127 milljónum króna og jókst um 37 milljónir frá fyrra ári. Eigið fé fyrirtækisins í árslok var 349 milljónir króna og eiginfjárhlutfall 16,3%.

Norðlenska er stærsti sláturleyfishafi landsins og er með mesta umsetningu sláturleyfishafa í dillkakjöti og næstmesta í bæði svína- og nautakjöti. Heildarmagn kjöts úr slátrun Norðlenska árið 2005 var 3.850 tonn. Fyrirtækið vinnur úr öllu því kjöti sem til fellur við slátrun og selur sem fullunna vöru.

Sigmundur E. Ófeigsson, framkvæmdastjóri Norðlenska, segir rekstur félagsins á liðnu ári í samræmi við áætlanir og viðsnúningur í rekstri félagsins síðustu fimm ár sé gríðarlegur. „Vöxtur félagsins undanfarin misseri er meiri en við gerðum ráð fyrir. Nú er svo komið



að Norðlenska er stærsti sláturleyfishafi landsins í hefðbundnum kjötgreinum. Við munum hefja slátrun í Búðardal í haust, sem þýðir enn auka veltu. Við höfum fengið mjög góð viðbrögð bænda í Dalabyggð og því erum við bjartsýnir á að þeir muni taka þátt í því með okkur að auka slátrun verulega í Búðardal frá því sem verið hefur.

Norðlenska hefur gengið í gegnum miklar breytingar á umliðnum árum og þær hafa reynt verulega á starfsfólk. Komið hefur í ljós hversu frábæru starfsfólki fyrirtækið býr yfir, það hefur lagt sig fram og sýnt hversu annst því er um hag þess. Fyrir það ber að þakka. Það er líka full ástæða til þess að þakka bændum alveg sérstaklega fyrir hversu

þétt þeir hafa staðið með fyrirtækinu og komið með gripi í auknum mæli til slátrunar hjá okkur. Öðruvísi væri Norðlenska ekki komið í þá stöðu að vera stærsti sláturleyfishafi landsins. Þá er þess að geta að vörur okkar undir merkjum Goða eru mjög vinsælar hjá neytendum, enda eru þær á boðstólum í öllum helstu matvöruverslunum landsins,“ segir Sigmundur E. Ófeigsson.

Stjórn fyrirtækisins skipa: Halldór Jóhannsson Akureyri formaður, Ingvi Stefánsson Teigi varaformaður og meðstjórnendur Aðalsteinn Jónsson Klausturseli, Bendikt Sigurðarson Akureyri og Björn Friðþjófsson Dalvík. Í varastjórn eru Ágúst Þorbjörnsson Reykjavík og Geir Árdal Dæli.

## Horfur á kjötmarkaði

Góð kjötsala hefur verið í fyrsta fjórðungi þessa árs og er 5 % aukning frá sömu mánuðum fyrra árs. Er þá ekki talinn með aukinn innflutningur nautakjöts.

Helstu skýringar aukinnar sölu eru trúlega sífellt aukið framboð á unninni gæðavöru sem fljótlegt er að matreiða. Mikil kaupgeta almennings örvar einnig markaðinn.

Þess er vart að vænta að fólk hafi á komandi mánuðum jafn mikið fé handa á milli og verið hefur og því líkur á að aukning kjötsölu hægi á sér, a.m.k. tímabundið.

Sé horft til einstakra kjöttegunda er að nást jafnvægi í framboði og eftir-

spurn kjúklingakjöts en óvissa um þróun fuglaflensu gerir allar markaðsspár erfiðar og kann að hafa áhrif á sölu annars kjöts.

Framboð svínakjöts hefur verið stöðugt undanfarið ár og raunar fremur undir þörfum markaðarins. Búast má við einhverri aukningu á komandi mánuðum og þó meiri á næsta ári.

Mikill skortur hefur verið á nautgripakjöti undanfarna mánuði og verulegur innflutningur. Ekki er að vænta aukins framboðs á kýrkjöti á næstunni og áframhaldandi innflutningur hakk-efnis því fyrirsjáanlegur, en framboð á nautakjöti er að aukast og mun sú aukning viðvarandi.

Tölur um ásetning sauðfjár benda til að framleiðsla dillkakjöts verði svipuð og undanfarin ár en aukinn ásetningur á komandi hausti kann þó að breyta því nokkuð.

Miðað við sölu síðasta árs má ætla að flytja þurfi út um 1000 tonn af dillkakjöti úr komandi haustslátrun, en litlar birgðir kunna að draga úr sölu einhverra aðila á komandi mánuðum.

Almennt má því segja að jafnvægi sé að nást á kjötmarkaði og söluhorfur góðar. Blikur eru þó á lofti og má þar nefna komandi alþjóðasamninga og mögulegar aðgerðir stjórnvalda til lækkunar matvælavæðs.

## Erfiður gæru- markaður

Mjög erfitt hefur reynst að selja gærufrá síðustu haustslátrun lamba. Markaðurinn hefur þó lifnað nokkuð síðustu mánuði og eru nú nær allar gærufrú seldar en á lágu verði. Norðlenska hefur því nýlega greitt bændum fyrir lambsgærufrá haustslátrun sinni, 61 krónu á gæru auk virðisauka-skatts.

Sláturleyfishafar hafa unnið saman að söltun og geymslu gæranna á Sauðárkróki og sölu þeirra. Nokkur óvissa er um framhald þess samstarfs.

## Sláturhúsið í Búðardal leigt Norðlenska

Norðlenska hefur tekið sláturhúsið í Búðardal á leigu til 10 ára og mun slátra þar sauðfé á komandi hausti. Leigugjaldið er háð magni og gengið er út frá að þeir bændur sem slátra í Búðardal eignist meirihluta hlutafjár í húsinu á komandi árum. Hve hratt slíkt gerist er háð þeim fjölda fjár sem slátrað er í húsinu.

Gert er ráð fyrir að þeir bændur sem gera gagnkvæma viðskiptasamninga eignist hlut í húsinu í hlutfalli við sín viðskipti. Slíkir viðskiptasamningar verða þó fyrst gerðir á árinu 2008 við þá sem það kjósa, en slátrun á komandi hausti er án skuldbindinga af beggja hálfu.

Ekki er gert ráð fyrir sameiginlegu eignarhaldi Sláturhússins í Búðardal ehf og Búsæld / Norðlenska á næstu árum, en framtíðarmarkmið bændu hlýtur að vera öflugt fyrirtæki um slátrun og vinnslu í meirihlutaeigu þeirra bændu sem skipta við fyrirtækið.

Það kjöt sem til fellur í Búðardal verður grófunnið þar, en frekari vinnsla fer fram í vinnslulínu Norðlenska á Húsavík. Ætla má því að um 4 ársstörf falli til í Búðardal auk nálægt 40 starfa í slátrun.

# Hafa skal það sem sannara reynist

Í nýlegu fréttabréfi samkeppnisaðila eru birtar dylgjur og getgátur um viðskiptasamninga milli bændu og sláturleyfishafa.

Því þykir rétt að gera grein fyrir þeim viðskiptasamningum sem félagsmenn Búsældar ehf. (félag um eignarhald á hlutafé í Norðlenska ehf.) hafa gert við Norðlenska:

Samningarnir eru gagnkvæmir þ.e. báðir samningsaðilar öðlast við undirritun hans ákveðin réttindi og taka á sig skyldur.

Norðlenska skuldbindur sig til að láta afurðir þeirra sem gert hafa viðskiptasamninga við félagið njóta forgangs um slátrun og afsetningu á afurðum.

Afurðaverð og greiðslukjör, þar með talin greiðslutilhögun og flutningskostnaður, „taka mið af því sem almennt gerist í viðskiptum milli framleiðenda og annarra afurðastöðva“.

Framleiðendur skuldbinda sig til að leggja umsamið hlutfall afurða sinna inn hjá Norðlenska, (flestar bændur hafa kosið að semja um allt innleggið).

Vanefndir viðsemjanda (m.a. varðandi verð og greiðslukjör) gefa báðum samningsaðilum rétt til uppsagnar samningsins.

Viðskiptasamningar bændu og Norðlenska byggja á því að besta trygging bændu fyrir öruggri afsetningu búvara á viðunandi verði sé að bændur beri ábyrgð á rekstri afurðastöðvanna og hagsmunir séu gagnkvæmir. Þótt nú sé auðveldara að að losna við búfé til slátr-

unar á viðunandi verði og tíma en oft hefur verið, er slíkt ekki sjálfgefið og trygging með gagnkvæmum viðskiptasamningi því hluti af rekstraröryggi búsin.

Þannig munu flestir þeirra 520 framleiðenda sem gert hafa viðskiptasamninga við Norðlenska meta stöðuna, margir eftir langa reynslu af öðrum viðskiptaháttum.

## Hörð samkeppni um nautgripi til slátrunar

Framboð á nautgripum til slátrunar hefur dregist saman um 20% á fyrsta fjórðungi þessa árs. Samkeppni um gripina hefur því harðnað verulega.

Norðlenska hefur þrátt fyrir þetta haldið lítt breyttri nautgripaslátrun. Félagmenn Búsældar og aðrir þeir sem leggja inn nautgripi hjá Norðlenska eiga hrós skilið fyrir hve vel þeir hafa staðið við bakið á félaginu við þessar aðstæður.

## Minnkandi útflutningur dilkakjöts

Vegna góðrar sölu dilkakjöts á innlendum markaði hefur útflutningsskylda lækkað ár frá ári. Útflutningsskylda Norðlenska var um 360 tonn vegna slátrunar 2005 en verður innan við 200 tonn á komandi hausti.

Bestu markaðir félagsins hafa verið Færeyjamarkaður, þar sem eru ný tækifæri í ljósi nýs fríverslunarsamnings milli Íslands og Færeyja, Ameríku- markaður, sem er háður miklum sveif-

um á gengi dollars og sala í flugeldhús Icelandair vegna gæðamáltíða á Saga class. Þá hefur verið mikilvægt að losna við úrbeinuð slög á Bretlandsmarkað.

Með helmings samdrætti í útflutningi er vandséð hvernig fyrirtækið getur þjónað þeim mörkuðum sem áunnist hafa en unnið er að lausn málsins í samstarfi við aðra sláturleyfishafa.

# Skipulagning slátrunar og hausteldi sláturfjár

Vegna góðrar sölu má ætla að birgðir dilkakjöts verði í lágmarki á komandi hausti og þörf sumarslátrunar. Markaðsráð kindakjöts hefur því ákveðið að hækka álagsgreiðslur vegna sumarslátrunar verulega og verða þær eftirfarandi:

4. júní-12. ágúst	1300 kr./dilk
13. ágúst-19. ágúst	1100 kr./dilk
20. ágúst-26. ágúst	800 kr./dilk
27. ágúst-2. sept.	500 kr./dilk
3. sept.-9. sept.	200 kr./dilk

Þá er einnig gert ráð fyrir að útflutningsskyldan verði lág eða 4% fram til 9. september en hækki síðan og verði 10% út haustsláturtíð, en lækkar svo í 4% 12. nóvember.

Norðlenska mun bregðast við þörfum markaðarins með því að opna öll sláturhús félagsins í ágúst og greiða

álag á kjötverð við sumarslátrun, en á bændum veltur hve mikil slátrun næst.

Sala kjöts af fullorðnu fé hefur gengið mjög vel undanfarna mánuði meðal annars vegna skorts á nautakjöti. Því ætti að vera góður markaður fyrir nýtt ærkjöt í ágúst og nauðsynlegt að nýta þann markað í tengslum við aðra sumarslátrun.

Hjá flestum bændum krefst þátttaka í sumarslátrun undirbúnings að vori. Velja þarf til slátrunar þau lömb sem ætla má að fljótt nái viðunandi þunga, m.a. lömb undan snemmbærum og einlembinga, jafnframt, ef hentar, geldar ær og halda því fé heima við.

Þó sumarslátrun sé mikilvæg er þó markaðinum mikilvægara að lömbin, einkum þau smærri, haldi vexti og þroska fram eftir hausti þannig að

vöðvafylling og fituhlutfall lamba sem slátrað er í október sé ekki lakara en þeirra lamba sem fyrr var slátrað.

Ræktun grænfóðurs til haustbeitar er öruggasta og hagkvæmasta leið að því marki hjá flestum bændum. Æskilegt er að haustbötun sláturlamba taki yfir a.m.k. 3 - 4 vikur og lömbin hafi auk grænfóðurbeitar aðgang að túni og úthaga. Við þær aðstæður má ætla að hver hektari grænfóðurs endist 50 - 80 lömbum í mánuð og fallþungi hvers lambs aukist nálægt þrem kílóum.

Nánari upplýsingar um grænfóðurrækt má finna á vef landbúnaðarins: Bondi.is undir flokknum jarðrækt/fóðuröflun eða greinasafn. Einnig á vef Búgarðs: Bugardur.is undir flokknum jarðrækt/fóðuröflun.

# Samningur um endurfjármögnun Norðlenska

Þann 10. mars sl. var undirritaður samningur Landsbankans og Norðlenska um endurfjármögnun Landsbankans á birgða- og rekstrarlánnum Norðlenska. Einnig tók samningurinn til fjármögnunar á nýbyggingu Norðlenska á Akureyri, þar sem verða starfsmannaaðstaða og skrifstofur félagsins.

„Mikil umskipti hafa orðið í rekstri Norðlenska síðustu misseri sem aukið hefur styrk og getu félagsins. Við í Landsbankanum höfum mikla trú á því

sem Norðlenska er og hefur verið að gera og ekki síður á framtíðaráformum félagsins. Það er okkur Landsbankamönnum því ánægjuefni að taka þátt í uppbyggingu Norðlenska með endurfjármögnun, sem vonandi er til þess fallin að styrkja félagið enn frekar,“ segir Helgi Teitur Helgason, útibússtjóri Landsbankans á Akureyri.

„Ég tel að þetta sé til marks um að fyrirtækið hafi uppfyllt væntingar Landsbankans varðandi rekstur og bankinn hafi trú á framtíðaráttunum

okkar og vilji styðja við áframhaldandi vöxt og sókn. Rekstrarviðsnúningur fyrirtækisins á síðustu misserum og árum er ekki síst frábæru starfsfólki félagsins að þakka og það er því ánægjulegt að sjá fram á að geta bætt starfsmannastöðuna með nýju húsnæði hér á Akureyri,“ segir Sigmundur E. Ófeigsson, framkvæmdastjóri Norðlenska.



Þessi mynd var tekin þegar samningar voru undirritaðir um endurfjármögnun Norðlenska. Á myndinni eru frá vinstri: Árni Magnússon, fjármálastjóri Norðlenska, Sigmundur E. Ófeigsson, framkvæmdastjóri Norðlenska, Helgi T. Helgason, útibússtjóri Landsbankans og Birgir Björn Svavarsson, útibússtjóri Landsbankans.

**Vörumerki  
Norðlenska**





# Frá aðal- fundi Búsældar

Aðalfundur Búsældar var haldinn á Egilsstöðum 27. apríl sl.

Fundurinn hófst með skýrslu stjórnarformanns Jóns Benediktssonar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári:

„Félagssvæðið hefur stækkað, einkum sunnan jökla og félögum fjölgað að sama skapi og eru 527 í árslok. Framlag innleggjenda til hlutafjárkaupa var lækkað úr 4,0 % í 3,4 % en vegna fjölgunar félaga og hækkandi afurðaverðs hefur greiðslugeta Búsældar þó ekki minnkað. Hlutfé KEA í Norðlenska hefur verið fært til Hildings sem er dótturfélag KEA, það á þó ekki að breyta samvinnu Búsældar og KEA um rekstur Norðlenska.

Hlutfé Norðlenska var aukið um 150 milljónir króna og þar af keypti Búsæld 70 milljónir.“

Reikningar Búsældar voru lagðir fram, kynntir og afgreiddir án athugasemda frá hluthöfum.

Stjórn félagsins var endurkjörin en hana skipa: Jón Benediktsson Auðnum formaður, Geir Árdal Dæli ritari, Ingvi Stefánsson Teigi varaformaður og með-



Aðal- og varastjórn Búsældar og Ari Teitsson, starfsmaður Búsældar, að afloknum aðalfundi félagsins á Egilsstöðum 27. apríl sl.

stjórnendur Aðalsteinn Jónsson Klausturseli og Trausti Þórisson Hofsa.

Varastjórn var einnig endurkjörin en hana skipa: Þórarinn Pétursson Laufási, Sigurbjörn Snæþórsson Gilsárteigi, Gróa Jóhannsdóttir Hlíðarenda og Þorsteinn Sigjónsson Bjarnarnesi.

Gestir fundarins voru stjórnendur Norðlenska þeir Halldór Jóhannsson stjórnarformaður og Sigmundur Ófeigsson framkvæmdastjóri.

Í máli Halldórs kom m.a. fram að líkur væru á að fyrirtækjum í slátrun og vinnslu kjöts myndi halda áfram að fækka og þau jafnframt stækka. Norðlenska hlýti að taka þátt í því ferli enda vöxtur fyrirtækisins forsenda samkeppnishæfni þess. Sá vöxtur gæti ver-

ið með ýmsu móti, með aukinni slátrun og vinnslu, með innflutningi kjöts og jafnvel annarra vara. Með samruna við fyrirtæki í skyldum rekstri eða jafnvel óskyldum.

Sigmundur gerði grein fyrir rekstri og rekstrarhorfum Norðlenska.

Gerður var góður rómur að máli gestanna og spunnust þar af nokkrar umræður um stöðu og framtíð Norðlenska og þeirra afurða sem Norðlenska vinnur og markaðssetur.

## Um ársreikning Búsældar árið 2005

Þar sem langræði hamlaði för flestra félagsmanna Búsældar á aðalfund félagsins, sem haldinn var á Egilsstöðum 27. apríl sl., þykir rétt að gera hér stuttlega grein fyrir rekstrar- og efnahagsreikningi þess.

Einu beinu tekjur félagsins voru vaxtatekjur af innborguðu hlutfé félagsmanna, um 2,1 milljón, en innborguðu fé var síðla árs að hluta varið til hlutafjárukningar í Norðlenska matborðinu.

Stærsti útgjaldaliður er vaxta- og verðbótakostnaður um 12,3 milljónir króna. Þar af er uppfærsla lána vegna verðbreytinga um 5 milljónir.

Rekstrarkostnaður félagsins er um 2,2 milljónir króna.

Búsæld á í árslok 2005 39,45% hlut í Norðlenska og er hlutféð að nafnverði kr 217.000.000. Félagið keypti á árinu 2005 nýtt hlutfé í Norðlenska að nafnverði kr 70.000.000. Aðrar eignir Búsældar í árslok eru handbært fé og skammtímakröfur samtals um 11 milljónir. Skuldir eru alls um 172 milljónir króna.

Þeir félagsmenn Búsældar sem óska að fá reikninga félagsins senda snú sír til Ara Teitssonar í síma 4643159 eða ariteits@simnet.is.

## Áhugi á rekj- anleika kjöts fer vaxandi

Í kjölfar vaxandi umræðu um tengsl heilsufars og matvælaöryggis hefur áhugi á rekjanleika í slátrun og vinnslu kjöts aukist.

Nýlega var haldin í Helsingör í Danmörku ráðstefna þeirra stofnana umhverfis- og landbúnaðarráðuneyta Norðurlanda, sem fjalla um rekjanleika matvæla og mættu á ráðstefnuna á annað hundrað manns frá Norðurlöndum.

Reynir Eiríksson framleiðslustjóri Norðlenska var fenginn til að flytja erindi á ráðstefnunni um gæðakerfi og rekjanleika í framleiðsluferli Norðlenska og framtíðarsýn fyrirtækisins á þessu sviði. Erindið vakti mikla athygli og varð tilefni fyrirspurna og umræðna um verklag Norðlenska.